

AFRIT



**SÝSLUMAÐURINN
NORÐURLAND EYSTRA**

Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði
Sími: 458 2600 - Netfang: truoglif@sylsumenn.is

Kirkja sjöunda dags aðventista
Vt. Hr. Gavin Anthony
Suðurhlíð 36
105 Reykjavík

Siglufirði 25. júní 2024

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra fer með skráningu og eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum samanber 2. mgr. 2. gr. laga nr. 108/1999 og 1. gr. reglugerðar nr. 106/2014.

Vísað er til bréfs sem félaginu var sent í mars sl. og var svarað af félaginu í apríl sl., eftir að óskað var eftir fresti til svara.

Tilfni bréfsins var annarsvegar að félagið hafði ekki skilað skýrslum sem því ber að skila árlega um árábil og hinsvegar að embættinu hafði borist fjöldi ábendinga og kvartana vegna stjórnarháttanna í félaginu, sem einkum lutu að því að aðalfundi þess hafi ekki lokið um árábil. Með bréfinu var óskað eftir svörum við fjórum spurningum;

Í fyrsta lagi var óskað skýringa á því hvers vegna félagið hafi ekki sent lögskyldar upplýsingar til embættisins samanber 5. gr. laga nr. 108/1999 og óskað úrbóta. Skýrslur vegna starfsemi viðkomandi ára bárust með svarbréfinu og telst þeim skilað að því marki.

Í öðru lagi var óskað skýringa á því að félagið hafi árið 2019 samþykkt ný lög, án þess að tilkynna breytinguna, en skráðum félögum ber að gera það samanber tilvitnaða 5. gr. Þau svör bárust að lögin hafi verið samþykkt á aðalfundi árið 2019, en eitt af þeim atriðum sem skráð félög eru skyldug að gera er að tilkynna til yfirvalda allar breytingar á starfsemi, eins og lagabreytingar, enda eru lög og samþykktir skráðra félaga grunnurinn að starfsemi þeirra og þurfa að vera í samræmi við hana og þau skilyrði sem sett eru fyrir skráningu.

Í þriðja lagi var spurt um tilhögun aðalfundar og hvers vegna hann væri haldinn á þriggja ára fresti og það svar barst að þetta væri venja innan alþjóðahreyfingarinnar og til stæði að lengja þennan frest í fjögur til fimm ár.

Í fjórða lagi var óskað eftir upplýsingum um síðasta aðalfund, sem er enn yfirstandandi tæplega tveimur árum eftir að til hans var boðað. Þau svör bárust að vegna ágreinings innan félagsins, hafi verið ákveðið að stjórn þess sæti áfram, þar til unnt yrði að ljúka fundinum, en ástæða þess að hann hafi ekki verið haldinn væri sú að Stór-Evrópudeild kirkjunnar hafi þennan ágreining til meðferðar og ekki sé unnt að ljúka fundinum fyrr en skýrsla stjórnarnefndar Stór-Evrópudeildarinnar liggur fyrir. Stefnt sé að því nú í sumar og fundurinn verði haldinn í haust.

Afstaða sýslumanns

Þegar trúfélag fær skráningu á grundvelli laga nr. 108/1999, verður það ekki gert nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Meðal þess er að starfsemi þess stríði ekki gegn lögum og allsherjarreglu og tiltekna kröfur eru gerðar um val forstöðumanns, skipan stjórnar og reglulega starfsemi félags, auk þess sem ráðstöfun fjármuna þarf að vera skýr og opin, sem og stjórnarhættir. Félagi er skylt að veita upplýsingar um þessi atriði árlega og í sumum tilvikum þegar í stað, eins og þegar breytt er um forstöðumann og verulegar breytingar verða á stjórn, starfsemi og skipan félags, samanber 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 108/1999.

Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi, eða ef skráð félag vanrækir skyldur sínar svo verulega getur sýslumaður felld félagið af skrá yfir skráð trúfélög og falla þá öll þau réttindi niður sem félagið nýtur á grundvelli skráningar, samanber 6. gr. laga nr. 108/1999. Veita skal þó félaginu 30 daga frest til að bæta úr.

Í íslenskum félagarétti er það meginregla að aðalfundur er æðsta stjórnvald hvers félagsskapar, hvert sem verkefni þess er og að aðalfundur sé haldinn eftir ákveðinni dagskrá og svo oft að stjórnunarhættir og umboð stjórnar og stjórnenda verði ekki véfengt. Fyrir liggur að aðalfundi í félaginu hefur ekki verið lokið í ríflega fimm ár og skýringarnar séu meðal annars þær að upplýsingar skorti frá Stór - Evrópudeild kirkjunnar sem starfar í Bretlandi eftir því sem næst verður komist og ekki sé unnt að ljúka fundinum fyrr en afstaða Evrópudeildarinnar liggja fyrir. Félagið starfar á grundvelli íslenskra laga og ber að fara eftir þeim og afstaða eða tengsl við erlend samtök skipta þar engu máli, enda hafa þau hvorki hlotið skráningu hér á landi, né hafa hér á landi nokkra lögsögu.

Að framan rituðu telur sýslumaður ljóst að verulegur vafi er uppi um starfshæfi félagsins og umboð þeirrar stjórnar sem kjörin var árið 2019. Vegna þess hefur þess verið farið á leit við Fjársýslu ríkisins að greiðslur á sóknargjöldum til félagsins verði felldar niður frá og með deginum í dag, enda er um almannafé að ræða.

Jafnframt hefur sýslumaður í hyggju að fella félagið af skrá yfir skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, eigi síðar en þann 10. ágúst næstkomandi, hafi ekki verið gerðar þær ráðstafanir sem til þarf svo ljóst sé að félagið sé starfhæft og umboð stjórnarinnar og forstöðumanns félagsins sé skýrt. Þetta verður ekki gert nema aðalfundi þess verði lokið innan þess frests sem veittur er.

Samkvæmt 6. gr. laganna ber að veita stjórn félags frest til að tjá sig um málið og því er afrit þessa bréfs sent öllum stjórnarmönnum.

Virðingarfyllt

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi eystra

Hannesar Þormar Halldórsson

Halldór Þormar Halldórsson

